

Janúar 2021



Skýrsla ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra **um stöðu og þróun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða**



Stjórnarráð Íslands

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



Mynd 1 og 2: Hornbjargsviti. Stigi, togbraut, vetrarsalerni og lagfæringar á fallþípu og gangráð. Styrkur veittur 2019.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Skúlagötu 4 – 101 Reykjavík

545 9700 | anr@anr.is

Janúar 2021

Mynd á forsíðu: Bjarnarfoss í Staðarsveit. Bílastæði, göngubrú, áningastaður og skilti. Styrkur veittur 2015.

© 2021 – Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Efnisyfirlit


Um sjóðinn og styrkveitingar úr honum	4
Þróun á starfsemi sjóðsins	11
Horft til framtíðar	14
Umsóknarferlið	14
Áskoranir hraðs vaxtar	14

Um sjóðinn og styrkveitingar úr honum

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða var settur á laggirnar með lögum nr. 75/2011 en sjóðurinn er í vörslu Ferðamálastofu sem annast rekstur hans. Tilurð sjóðsins má rekja til verulegrar fjölgunar ferðamanna hér á landi frá árinu 2009, spáa um áframhaldandi fjölgun þeirra og sjónarmiða um mikilvægi þess að vernda náttúru landsins samhliða því að stuðla að öryggi og jákvæðri upplifun ferðamanna. Hlutverk sjóðsins hefur þróast í gegnum tíðina með hliðsjón af breyttum áherslum við úthlutun fjármagns og vaxandi uppbyggingu um land allt eins og nánar er gerð grein fyrir hér að neðan. Markmið laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt og styðja með því við þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærar stoðar í íslensku atvinnulífi, sem og að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun. Fyrstu styrkúthlutanir úr sjóðnum voru gerðar árið 2012 en frá þeim tíma til og með ársins 2020 hefur 728 styrkjum verið úthlutað fyrir um fimm og hálfan milljarð króna til stórra sem smárra verkefna um land allt. Framlög til sjóðsins hafa aukist mjög frá stofnun hans, árið 2012 hafði sjóðurinn 69 m.kr. til ráðstöfunar en á árinu 2020 alls 700 m.kr. Að jafnaði eru styrkir veittir til eins árs í senn.

Þau verkefni sem styrkt hafa verið hafa með einum eða öðrum hætti stuðlað að markmiðum sjóðsins. Frá upphafi hafa, sem fyrr segir, verið veittir 728 styrkir sem skipta má upp í þrjá flokka:

- Náttúruvernd og öryggi:** Framkvæmdir sem varða verndun náttúru og öryggi á ferðamannastöðum.
- Uppbygging ferðamannastaða:** Framkvæmdir sem snúa að uppbyggingu, viðhaldi og verndun mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum.
- Hönnun og skipulag:** Hönnun framkvæmda, svo sem stíga, palla o.fl., og breytingar á skipulagsáætlunum sveitarfélaga svo framkvæmdir séu í samræmi við skipulag og leyfi fáist eftir atvikum fyrir þeim.



Mynd 3 og 4: Dynjandi. Göngustígar, útsýnispallar, rotþrö, salernishús og bílastæði. Styrkir veittir 2014-2018.

Í töflu 1 má sjá skiptingu styrkja eftir flokkum. Rúmlega 320 styrkir hafa verið veittir til uppbyggingar ferðamannastaða eða um 3,6 ma.kr. Styrkjunum hefur verið varið í að byggja upp ferðamannastaði þar sem ráðist hefur verið í gerð ýmissa innviða eins og salerna, skilta, göngustíga og útsýnispalla. Þá hafa tæplega 300 styrkir verið veittir til verkefna í þágu náttúruverndar og öryggis eða um 1,6 ma.kr. Styrkirnir hafa að mestu leyti farið í að lagfæra náttúruskemmdir og auka öryggi. Við styrkveitingu hefur einnig verið hugað að mikilvægi hönnunar og skipulagningar staðanna og hafa ríflega 100 styrkir verið veittir í þann lið eða sem nemur rúmum 350 m.kr. Þeir styrkir eru oft undanfari þess að umsækjandi sækir um styrk til framkvæmda.

	Náttúruvernd og öryggi		Uppbygging ferðamannastaða		Hönnun/skipulag		Samtals
2012	6	13.400.000	6	19.500.000	18	36.100.000	69.000.000
2013	19	64.935.000	69	415.692.256	36	95.618.944	576.246.200
2014	92	328.175.339	40	268.107.500	7	34.099.860	630.382.699
2015	45	166.750.000	90	811.722.344	20	46.127.675	1.024.600.019
2016	38	251.680.361	29	331.182.022	9	43.594.248	626.456.631
2017	31	244.404.024	22	348.834.000	5	16.690.000	609.928.024
2018	19	129.643.531	34	668.700.527	5	23.983.488	822.327.546
2019	16	162.522.730	19	292.507.322	5	49.769.948	504.800.000
2020	30	251.024.622	14	437.283.955	4	12.510.250	700.818.827
	296	1.612.535.607	323	3.593.529.926	109	358.494.413	5.564.559.946

Tafla 1. Tegund verkefna 2012-2020



Mynd 5, 6 og 7: Goðafoss. Staðan austan megin 2012. Göngustígur austan megin 2017. Útsýnispallur austan megin 2017. Styrkir veittir í ýmsar framkvæmdir þ.m.t. í bílastæði, göngustíga og palla 2013-2019.

Í töflu 2 má sjá skiptingu styrkja eftir styrkþegum. Sveitarfélögin eru stærstu styrkþegarnir en alls hafa um kr. 2,5 ma.kr. komið í þeirra hlut. Árið 2017 var lögum um sjóðinn breytt og gildissvið þeirra þrennt þannig að ríkisaðilar féllu almennt utan þess og framkvæmdir á þeirra vegum því ekki styrkhæfar. Með tilkomu lands-áætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og fjárveitinga til hennar hefur ríkið öðlast betri yfirsýn og möguleika til forgangsroðunar framkvæmda á landi sínu. Frá stofnun sjóðsins og þar til lögum var breytt árið 2017 fengu verkefni á vegum ríkisaðila úthlutað alls um 1,9 ma.kr. Frá lagabreytingunni 2017 hafa eingöngu sveitarfélög og einkaaðilar getað sótt um í sjóðinn, og fyrir allar tegundir verkefna sem sjóðurinn styrkir, en ekki einungis náttúruvernd og öryggi eins og áður.

	Ríkisstofnun	Sveitarfélag	Einkaaðili	Áhugamannafélag	Landeigandi	Fyrirtæki	Samtals
2012	15.250.000	30.450.000	18.500.000	4.800.000			69.000.000
2013	194.410.000	249.280.650	85.361.297	45.694.253	1.500.000		576.246.200
2014	290.757.000	311.080.434	20.669.765	7.875.500			630.382.699
2015	913.092.519	75.847.500	5.015.000	13.645.000		17.000.000	1.024.600.019
2016	277.262.183	264.411.600	400.000	34.612.848	6.447.000	43.323.000	626.456.631
2017	183.636.000	406.592.884	19.699.140				609.928.024
2018	100.000.000	545.932.571		45.090.600	27.187.488	104.116.887	822.327.546
2019		284.900.222	1.255.000	50.217.298	51.039.600	117.387.880	504.800.000
2020		413.957.959	23.139.540	105.165.256	107.608.456	50.947.616	700.818.827
	1.974.407.702	2.582.453.820	174.039.742	307.100.755	193.782.544	332.775.383	5.564.559.946

Tafla 2. Tegund styrkþega 2012-2020

Mynd 8: Eldgjá á Fjallabaksléið. Salernishús, landavardahús og útsýnispallur við Ófærufoss. Styrkur veittur 2013.



Þótt styrkir séu að jafnaði veittir til eins árs í senn hefur framkvæmdatími verkefna í flestum tilfellum reynst talsvert lengri. Þá er að jafnaði óskað frests og Ferðamálastofa hefur almennt fallist á framlengingu á skilum lokaskýrslna. Algengur framkvæmdatími er 2-3 ár. Ástæður þess að verkefni tefjast eru einkum eftirtaldar:

1. Hönnunar- og skipulagsvinna meiri en áætluð,
2. Ósamkomulag landeigenda eða skortur á tilskildum leyfum,
3. Skortur á verktökum,
4. Takmörkuð reynsla styrkþega á framkvæmdum á ferðamannastöðum,
5. Verkefni ekki í forgangi hjá styrkþega.

Samkvæmt gildandi reglugerð um sjóðinn greiðist styrkur að jafnaði út til styrkþega í samræmi við samþykka kostnaðar-, verk- og framkvæmdaáætlun þegar verkefni er lokið og lokaskýrsla hefur verið samþykkt. Styrkþega er þó heimilt að skila inn framvinduskýrslu sem lýsir a.m.k. hálfnuðu verki og fást, við samþykkt hennar, greidd 40% af styrkfjárhæðinni. Þá hefur nokkuð verið um að styrkjum sé skilað aftur í sjóðinn þar sem framkvæmdir hafa ekki náð að fara af stað. Það sem af er starfstíma sjóðsins frá fyrstu úthlutun árið 2012 hafa verið greiddir út um fjórir milljarðar kr., rúmlega 290 milljónum kr. hefur verið skilað aftur og stendur því eftir í kringum einn og hálfur milljarður kr. sem eftir er að greiða út miðað við síðustu úthlutun, eins og sjá má í töflu 3. Þetta stafar m.a. af því að lokaskýrslu hefur ekki verið skilað eða verkefni hafa reynst ódýrari en lagt var upp með.

Mynd 9: Stórurð – Dyrfjöll. Þjónustuhús, endurbætur á gönguleiðum, merkingum og upplýsingagjöf. Styrkir veittir 2014-2016.





Mynd 10: Stórurð – Dyrffjöll. Þjónustuhús, endurbættur á gönguleiðum, merkingum og upplýsingagjöf. Styrkir veittir 2014-2016.

Framkvæmdasjóður ferðamanna – staða styrkveitinga 2012–2020

Ár	Úthlutun FF	Úthlutað alls	Greitt alls	Eftirstöðvar	Ónýttar eftirstöðvar	Verkefni alls	Verk. lokið	Verk. ólokið	Styrkur afþakkaður
2012	FF-1	69.000.000	65.369.979	0	3.630.021	30	30	0	0
2013	FF-2	150.745.000	138.180.692	0	12.564.308	44	44	0	0
2013	FF-3	146.750.000	71.750.000	0	75.000.000	5	4	0	1
2013	FF-4	278.751.200	258.756.048	0	19.995.152	75	75	0	0
2014	FF-6	246.484.625	213.388.424	16.823.916	16.272.285	51	44	6	1
2014	FF-7 aukaúthlutun ráðherra	383.898.074	344.897.779	4.800.000	34.200.295	88	85	1	2
2015	FF-8	175.700.019	163.780.986	4.500.000	7.419.033	50	47	2	1
2015	FF-9 aukaúthlutun ráðherra	848.900.000	794.041.044	15.000.000	39.858.956	105	102	3	0
2016	FF10	582.056.631	491.210.011	52.072.008	38.774.612	68	61	7	0
2016	FF11 Stjórnstöðin öryggisstyrkir	44.400.000	23.886.129	20.239.102	274.769	8	5	3	0
2017	FF12	609.928.024	440.521.335	109.531.800	59.874.889	58	41	14	3
2018	FF13	722.327.546	617.443.976	103.710.589	1.172.981	56	44	11	1
2018	Aukaúthlutun ráðherra	100.000.000	0	100.000.000	0	2	0	2	0
2019	FF14	504.800.000	370.097.502	104.726.682	29.975.816	40	27	12	1
2020	FF15	501.500.000	175.446.948	316.543.576	9.509.476	33	8	25	0
2020	Aukaúthlutun ráðherra	199.318.827	38.757.757	160.561.070	0	15	3	12	0
	Samtals	5.564.559.946	4.207.528.610	1.008.508.743	348.522.593	728	620	98	10

Tafla 3. Yfirlit yfir úthlutanir 2012-2020.



Mynd 11: Þar sem vegurinn endar. Áningarstaður þ.m.t. bílastæði, snyrtingar, bekkir og útsýnisskrifa. Styrkur veittur 2017.



Mynd 12: Brimketill. Útsýnispallur, bílastæði og stígar. Styrkur veittur 2016.

Þróun á starfsemi sjóðsins

Þrátt fyrir stórauknar fjárveitingar til uppbyggingar ferðamannastaða síðustu ár, m.a. fyrir tilstilli Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, er enn brýn þörf fyrir meiri uppbyggingu víða um land. Uppbygging og viðhald á fjölsóttum ferðamannastöðum er og verður viðvarandi verkefni. Sú breyting hefur einnig orðið, einkum á síðustu tveimur árum, að sveitarfélög eru farin að sjá tækifæri í að skipuleggja og byggja upp frá grunni nýja ferðamannastaði með það fyrir augum að reyna að dreifa álagi. Með tilkomu áfangastaðaáætlana í hverjum landshluta má búast við töluverðum breytingum hvað þetta varðar en með þeim er hugað í auknum mæli að forgangsröðun uppbyggingar til framtíðar. Ætla má að áfangastaðaáætlanir muni hafa afgerandi áhrif á verkefnaval og framkvæmdir um land allt á næstu árum.

Sjóðurinn er bundinn lögum, reglugerð og settum viðmiðum sem móta styrkveitingarnar á hverju ári. Þær breytingar sem gerðar hafa verið undanfarin ár hafa styrkt sjóðinn í því mikilvæga hlutverki að aðstoða við að vernda náttúruna og tryggja öryggi ásamt því að byggja upp innviði á ferðamannastöðum sem eru aðgengilegir ferðamönnum sem vilja skoða landið. Sveitarfélög sækja nú um styrki fyrir stærri og dýrari framkvæmdum en áður, sem eru vel útfærðar og þar sem hugað er að þáttum eins og hönnun, skipulagningu og innviðum. Slíkar framkvæmdir geta laðað að fjölda ferðamanna og þar með skapað störf og önnur verðmæti fyrir nærsamfélög. Eins og áður greinir hefur áherslan í gegnum árin verið á uppbyggingu innviða eins og salerna, göngustíga og útsýnispalla, þar sem töluverð þörf hefur verið á slíku, ásamt áherslu á náttúruvernd og bætt öryggi. Slíkar aðgerðir stuðla að verndun ferðamannastaða fyrir ágangi og geta jafnframt stuðlað að stýringu flæðis ferðamanna bæði að staðnum og um hann. Í upphafi beindust styrkveitingar úr sjóðnum einkum að stöðum sem voru fjölsóttir en í dag er einnig áhersla á að dreifa álagi með því að byggja upp nýja segla á svokölluðum köldum svæðum og styðja við svæðisbundna þróun, t.d. á grunni áfangastaðaáætlana.

Lög um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og reglugerð um sjóðinn hafa nokkrum sinnum komið til endurskoðunar á starfstíma hans. Helst má nefna lagabreytingu sem gerð var árið 2017 þegar kveðið var á um að framkvæmdir ríkisaðila á ferðamannastöðum í eigu ríkisins féllu almennt utan gildissviðs laganna í framhaldi af tilkomu landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningar-sögulegum minjum, sem er á forræði umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Þá voru einnig gerðar breytingar á skipan stjórnar. Sumarið 2020 voru svo samþykktar breytingar sem endurskilgreindu gildissvið laganna til að leggja áherslu á það markmið þeirra að þau stuðli að sjálfbærri þróun, jafnvægi og svæðisbundinni þróun í samræmi við skipulag og áætlanir einstakra landshluta, svo sem áfangastaðaáætlanir.



Mynd 13 og 14: Guðlaug.
Útsýnispallur og heit laug.
Styrkur veittur 2017.

Reynslan úr starfi sjóðsins sýnir að reglugerðarbreyting frá árinu 2018 um útgreiðslu styrkfjárhæðar var til bóta, sérstaklega vegna framkvæmda sem aldrei fóru af stað. Í tíð fyrra fyrirkomulags voru 40% styrksins greidd út við undirritun styrksamningsins. Þá fékk styrkþegi hluta styrksins greiddan út óháð því hvort framkvæmd fór af stað eða ekki. Ef hún fór ekki af stað kom til endurgreiðslu af hálfu styrkþega sem kallaði á aukið eftirlit og oft þurfti að ganga á eftir endurgreiðslum. Með núverandi reglum þarf verk að vera hafið og það a.m.k. hálfnað til að hægt sé að greiða út 40% styrksins gegn framlagningu framvinduskýrslu ásamt útlögðum kostnaði skv. reikningum. Á hinn bóginn verður ekki hjá því litið að útgreiðslureglurnar geta skapað vanda fyrir minni aðila sem hafa lítið eða ekkert fjármagn í upphafi til að fara af stað með framkvæmdir.

Á undanförnum árum hefur framkvæmdum á vegum minni aðila, s.s. landeigenda, áhugamannafélaga o.s.frv. fjölgað töluvert, jafnvel á sjálfsprottnum ferðamannastöðum, þar sem nýir staðir á borð við Stuðlagil hafa orðið vinsælir og fjölsóttir á skömmum tíma. Slík svæði eru almennt ekki í stakk búin til að taka á móti fjölda ferðamanna svo vel megi vera hvað aðgengi, náttúruvernd og öryggi varðar. Ef vilji er til þess að geta tekið á móti fjölda gesta á slíkum stöðum þurfa landeigendur eða þeir sem hafa forræði yfir slíkum svæðum að standa straum af dýrum framkvæmdum. Vegna reglna um útgreiðslu styrkja getur það þó reynst minni aðilum erfitt að hefja framkvæmdir þar sem þeir hafa ekki til þess fjármagn, tól eða tækí. Einnig hafa þeir stundum átt erfitt með að standa skil á mótframlaginu, sem er 20%, þegar um háar styrkfjárhæðir er að ræða. Í öðrum tilfellum hefur smærri aðilum reynst erfitt að sýna fram á framkvæmdakostnað þegar þeir nýta eigin mannafla við framkvæmdir þar sem ekki er hægt að nýta fastan launakostnað (rekstrarkostnað) á móti styrkfjárhæð.

Þá hafa, í samskiptum Ferðamálastofu við umsækjendur, komið í ljós vandkvæði í tengslum við þær reglur sjóðsins að óheimilt er að nýta styrk til að greiða laun fastráðinna starfsmanna, nema þá úr eigin framlagi, heldur er eingöngu heimilt að greiða fyrir vinnu til verktaka. Hefur þetta reynst sérstaklega óheppilegt fyrir áhugamannafélög og minni aðila.



Mynd 15 og 16: Síldarminjasafn Íslands. Lokafrágangur á lóð þ.m.t. bryggjumíði, smíði göngupalla og bætt lýsing. Styrkur veittur 2013.

Horft til framtíðar

Í gegnum tíðina hefur starfsemi og regluverk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða komið reglulega til endurskoðunar. Hér hafa breyttar aðstæður í íslenskri ferðaþjónustu ráðið miklu sem og reynslan af starfi sjóðsins og ábendingar um það sem betur megi fara. Þá voru grundvallarbreytingar gerðar á honum í kjölfar þess að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum var hrint í framkvæmd. Halda þarf áfram að endurskoða sjóðinn m.t.t. vankanta sem komið hafa í ljós, og áskorana í umhverfinu.

Umsóknarferlið

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að skapa meiri festu um umsóknarferlið þannig að alltaf verði auglýst eftir umsóknum á sama eða svipuðum tíma. Þá hefur þróunin verið í þá átt að sleppa því að tilgreina áherslur ráðherra í auglýsingu. Þetta hefur það í för með sér að væntanlegir umsækjendur geta gengið að umsóknarferlinu vísu og hafið undirbúning umsókna fyrr, en auglýst er eftir umsóknum síðsumars eða í haustbyrjun og niðurstaða stjórnar liggur fyrir fljótlega eftir samþykkt fjárlaga næsta árs. Þannig fá styrkþegar rýmri tíma til að undirbúa framkvæmdir sem oftast fara fram yfir sumarmánuðina. Engu að síður er, í venjulegu árferði, ekki raunhæft fyrir flesta umsækjendur að nýta sumarmánuðina til undirbúnings umsóknar þar sem bæði er um að ræða sumarleyfistímabil margra og helsta ferðamannatímabilið á landsbyggðinni. Reynslan sýnir að allar breytingar í þá átt að gera umsóknarferlið fyrirsjáanlega leiða almennt til aukinna gæða umsókna.

Áskoranir hraðs vaxtar

Þróun ferðaþjónustu hefur verið mjög hröð á undanförunum árum og hafa sveitarfélög og landeigendur í einhverjum tilvikum ekki ráðið við vöxtinn. Vegna þessa eru líkur á að ekki sé til heildstætt skipulag á mörgum svæðum og að uppbygging geti einkennst af sífelldum „plástrum“ til að bregðast við fjölgun á hverjum tíma. Aðsókn að mörgum stöðum er það mikil að þeir bera ekki þann fjölda sem þangað kemur nema farið verði í umfangsmiklar framkvæmdir eða aðrar aðgerðir til bættrar stýringar á umferð.

Þegar kemur að uppbyggingu og viðhaldi ferðamannastaða er mikilvægt að sátt sé um viðkomandi framkvæmd. Reynslan hefur m.a. sýnt að uppbyggingaráform geta skapað óeiningu þegar kemur að framkvæmdum eða að þær hafi í einhverjum tilvikum ekki verið nægjanlega vel ígrundaðar. Til að sem best megi takast er oft þörf



Mynd 17: Skaftafell. Gönguleiðir, bílastæði, þjónustuhús og útsýnispallar. Styrkir veittir 2013-2016.

á leiðbeiningum og mögulega sáttaumleitunum, en nauðsynlegar og mikilvægar framkvæmdir mega ekki líða fyrir óeiningu eða þekkingarskort.

Ljóst er að áfram verður þörf fyrir Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og að náttúruvernd, öryggi ferðamanna og fjölbreytileiki áfangastaða og upplifunar verða áfram í forgrunni. Ferðaþjónusta verður áfram mikilvæg atvinnugrein hér á landi og gera má ráð fyrir frekari vexti á næstu árum eftir að samdráttur vegna heimsfaraldurs COVID-19 veirunnar er að baki. Mikilvægt er að vinsælir áfangastaðir geti tekið á móti gestum af fagmennsku með gæði upplifunar að leiðarljósi. Á sama tíma þarf að leitast við að dreifa álagi vegna heimsókna gesta og fjölga áhugaverðum stöðum fyrir þá til að njóta.

Til að mögulegt sé að uppfylla væntingar gesta árið um kring, um land allt, verður sífellt að bregðast við breytingum og nýjum áskorunum. Nýir áfangastaðir ferðamanna eru ekki alltaf fyrirsjáanlegir eins og dæmin sanna. Óvænt mynd á samfélagsmiðli eða í víðlesnu blaði getur leitt til heimsókna þúsunda gesta í kjölfarið. Bregðast þarf við því í samstarfi við heimamenn, sveitarfélög og landeigendur til að tryggja að náttúra landsins og ásýnd beri ekki skaða af. Þá þarf að viðhalda því sem áður hefur verið gert, en óblíð náttúra landsins og fjöldi gesta sér jafnan til þess að það sem hefur verið byggt upp þarf að endurbæta og/eða endurnýja. Reynslan sýnir að heimamenn á hverjum stað eru ekki alltaf í stakk búnir að taka á sig þann kostnað sem af því hlýst, en þeir þurfa einnig að vinna innan þess ramma að staðir skulu vera opnir fyrir gjaldfrjálsri umferð þótt heimilt sé að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Líkt og aðrar atvinnugreinar þróast ferðaþjónusta í takt við breyttar kröfur viðskiptavina og tækni framfarir. Því er mikilvægt að sífellt sé hugað að vöruþróun og nýsköpun við uppbyggingu aðstöðu á ferðamannastöðum sem getur m.a. falist

Í upplýsingamiðlun, fjarskiptum, öryggismálum, loftslagsmálum, neytendavernd og náttúruvernd, svo fátt eitt sé nefnt. Í kjölfar COVID-19 faraldursins má einnig gera ráð fyrir að ný viðmið skapist um stafræna og snertilausa þjónustu með heilsuöryggi gesta í huga. Fyrirsjáanlegt er að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða getur haft töluverð áhrif hvað varðar þessar áherslur á komandi árum og nauðsynlegt að huga að því með hvaða hætti það er best gert til að auka samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu um land allt.

Þau verkefni sem Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur styrkt undanfarin ár hafa verið að frumkvæði heimamanna þar sem landeigandi eða sveitarfélag hefur gengið fram fyrir skjöldu og undirbúið framkvæmdir. Allt er varðar samræmingu og undirbúningsvinnu hefur verið á hendi þeirra aðila. Slíku frumkvæði er hins vegar ekki alltaf til að dreifa en aðstæður kalla samt á framkvæmdir. Í þeim tilvikum getur verið þörf á leiðbeiningum og jafnvel beinni aðkomu utanaðkomandi aðila til að stuðla að framgangi verkefna í samvinnu við heimamenn. Með öflugra stoðkerfi ferðaþjónustunnar, m.a. með tilkomu áfangastaðastofa, gæti opnast farvegur fyrir slíkt viðbragð. Ferðamálastofa gæti í þeim tilvikum aðstoðað við undirbúning mála til hagsbóta fyrir náttúruvernd og öryggi ferðamanna.

Mynd 18: Kolugljúfur. Útsýnispallur. Styrkur veittur 2017.



